

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Sjávangötu 32, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 21. september 1999 óverulega breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Sjávangötu 32 í Bessastaðahreppi frá skipulagi, dagsettu 15. október 1993. Breytingin felst í því að byggingarreitur bílskúrs er stækkaður um 3 metra til vesturs á lóðinni.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 27. október 1999.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskiplagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Ásum, Hraunsholti, lóð nr. 1 við Bergás í Garðabæ. Breytingin felst í því, að byggingarreitur er stækkaður og tilhögun bílastæða og innkeyrslna er breytt. Skipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 4. nóvember 1999.

Skipulagsfulltrúi Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir.